# Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri og Axel R. Överby sviðsstjóri umhverfis og eignasviðs
Dags. 30. mars 2023
*Mnr. 2023010091*

ÍSAFJARÐARBÆR

---

**Minnisblað - Viðauki vegna framkvæmda Eignasjóðs**

Kynnt er hér viðauki við framkvæmdaáætlun um tillögu að tilfærslu á fjármagni til þarfra verkefna. Lagt er til að verkefnunum verði mætt með lækkun á ófyrirséðum kostnaði og eru því áhrif á framkvæmdaáætlun kr. 0. Verkefnin eru eftirfarandi:

Eignasjóður

- Safnahús lyfta: Lyfta fyrir aðgengi fatlaðra er ónýt og þarf að henda henni og setja nýja. Áætlaður kostnaður við það verk er 3.000,-
- Skíðasvæði skæralyfta: Skíðasvæðið hefur fengið afnot af lyftu Vestfirkra Verktaka til að skipta um ljósaperur í ljósastaurum á svæðinu og til að komast í lyftubúnað. Nú er sú skæralyfta til sölu og mun því ekki vera aðgengileg lengur nema við eignumst hana. Ásett verð er 1.500.000 á Nifty 120T lyftu.




